



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2016 – 2017



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
MARKMIÐ SJÁLFSMATS BORGARHOLTSSKÓLA	3
ÞÁTTAKENDUR Í INNRA MATI	4
VIÐHORFSKANNANIR YNGRI OG ELDRI NEMENDA	4
YNGRI NEMAR, OKTÓBER 2016	4
ELDRI NEMAR, OKTÓBER 2016.....	4
ÁFANGAKANNANIR	5
VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL STARFSMANNA	5
UMBÓTTAÆÐGERÐIR	6
1. UMSJÓNARKERFI SKÓLANS	6
2. LÝÐRÆÐI NEMENDA.....	6
3. HEILSUEFLING GEGN KVÍÐA, STREITU OG ÁLAGI	7
4. MÖTUNEYTI SKÓLANS	7
5. NÁMSPING BORGARHOLTSSKÓLA	7
6. EINELTI MEÐAL KENNARA.....	7
VIÐHORF KENNARA TIL KENNSLUSTJÓRNAR	8

Inngangur

Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og samskipta innan skólans, þ.m.t. stoðþjónustu. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnuskrá skólans. Niðurstöður matsins eru jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfseminna varðar.

Verkátun 2016 - 2019

Áætlun um innra mat í Borgarholtsskóla er gerð í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hér segir:

Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr.

Innra mat

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Þriggja ára verkátun fyrir árin 2016-19 var samþykkt á fundi gæðarás í september 2016, kynnt á kennarafundi og birt á vef skólans. Hún byggir að verulegu leyti á verkátun fyrir árin 2013-16. Allar rafrænar kannanir hafa á undanförunum árum verið unnar í samstarfi við Upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri og vistaðar á netþjóni fyrirtækisins. Samningi við STEFNU ehf var sagt upp með vefpósti þann 28. apríl 2017 en í staðinn var sett upp könnunarkerfið LimeServer á netþjóni Borgarholtsskóla sem er frjálts hugbúnaður sem nýtist fyrir allar kannanir skólans.

Pátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskóla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra gæðamála. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa haft umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir en með breyttu skipuriti frá og með hausti 2017 færist sú ábyrgð yfir á sviðsstjóra og deildarstjóra viðkomandi sviða.

Starfandi er gæðaráð sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu og gerir það tillögur að umbótaáætlunum. Í gæðaráði sitja: skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri gæðamála, einn kennslustjóri og safnstjóri. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall og eðlilega dreifingu milli bóknáms, verknáms, listnáms eða annars náms. Gæðaráð hefur jafnframt yfirumsjón með gæðahandbók sem er í smíðum.

Viðhorfskannanir yngri og eldri nemenda

Á haustönn 2016 voru gerðar kannanir á viðhorfi til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri dagskólanemenda. Yngri nemendur eru fyrsta árs nemendur hverju sinni og eldri nemendur aðrir nemendur skólans. Hægt er að nálgast niðurstöður á vef skólans.

Yngri nemar, október 2016

Alls svöruðu 148 nemendur viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins, þar af 73% karlar og 27% konur. Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: Bóknám til stúdentsprófs: 44%, lista- og fjölmiðlasvið: 22%, málm- og véltækisvið: 6%, bíliðngreinar: 9%, þjónustubrautir: 1%, framhaldsskólabraut: 18%.

Ekki eru mikil frávik frá niðurstöðum sömu könnunar frá árinu áður (2015). Ef miðað er við um það bil 10% frávik eða meira varðar mismunurinn einkum eftirfarandi spurningar:

1. „Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu“ en 9,33% færri voru sammála þessu ef miðað er við meðaltal þriggja undangenginna kannana.
2. „Ég tek þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins“. Hér voru 20,67% færri sammála en meðaltal þriggja síðustu ára.
3. „Ég hef aðgang að hollri, góðri og fjölbreyttri næringu í skólanum“; hér fer þeim fækkandi um 9% sem eru sammála miðað við þrjú síðustu ár.

Eldri nemar, október 2016

Alls svöruðu 308 eldri nemendur viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins, 70% voru karlar og 30% konur. Nemendur dreifðust með eftirfarandi hætti á milli brauta skólans: Bóknám til stúdentsprófs: 58%, lista- og fjölmiðlasvið: 13%, málm- og véltækisvið: 9%, bílgreinar: 17%, þjónustubrautir: 3%.

Frávik frá könnunum undanfarinna þriggja ára vörðuðu einkum eftirfarandi spurningar:

1. „Ég hef greiðan aðgang að umsjónarkennaranum mínum“ en 15,33% færri voru þessu sammála.
2. „Umsjónarkennarinn minn fylgist með námsferli mínum.“; 9,33% færri voru sammála.

3. „Ég nýti mér stuðningsþjónustu skólans þegar ég þarf á því að halda (náms- og starfsráðgjöf, aukatíma, dyslexíuráðgjöf og þjónustu félags- og forvarnafulltrúa)“ 9% fleiri voru þessu sammála.
4. „Ég nýti mér miðannarmatið til að íhuga stöðu mína í náminu“. Um 9% fleiri voru þessu sammála.
5. „Ég fæ tækifæri til að tjá viðhorf mín og taka þátt í lýðræðislegu samstarfi innan skólans.“ 11,33% fleiri voru þessu sammála.

Áfangakannanir

Á þriggja ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og eru kennarar metnir af nemendum þeirra. Í desember var lagt mat á 30 áfanga hjá 14 kennurum og í maí var lagt mat á 22 áfanga hjá 10 kennurum. Tekin voru viðtöl við viðkomandi kennara. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennara og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð dagana 22.–31. mars 2017. Alls svöruðu 91 starfsmenn könnuninni, 52 konur og 39 karlar. Spurningarnar í könnuninni voru teknar til gagngerrar endurskoðunar í ársbyrjun; þær voru flokkaðar, orðalagi breytt, sumar spurningar voru felldar niður, aðrar þóttu betur hæfa í öðrum könnunum og nýjum spurningum var bætt við í þeim tilgangi að uppfylla betur viðmið um innra mat sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út haustið 2016. Samanburður á svörum við fyrri ár er af þessum sökum erfiðari en ella.

Ef horft er á sömu spurningar og lagðar hafa verið fyrir undanfarin ár eru nokkur jákvæð teikn á lofti. Þannig fjölgar (um 8%) þeim sem segjast fá hvatningu og hrós frá samstarfsfólki og þeim sem segjast ánægðir með stefnu skólans (um 5%) og mun fleiri (13%) telja að vinnuagi og reglusemi sé til fyrirmyndar. Þeim fjölgar (um 6%) sem telja að sér gangi vel að vinna með nánustu samstarfsmönnum og (um 4%) þeim sem telja að starf sitt skipti máli fyrir skólann. Einnig er jákvætt að þeim fækkar (um 5%) sem telja sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu annarra starfsmanna. Svipaður fjöldi og áður lítur á skólann sem framtíðarstarfsvettvang. Til umhugsunar er að þeim fækkar (um 9%) sem eru ánægðir með vinnuástöðu sína, færri (8%) telja sig fá hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna þekkingu og færri (6%) segjast líða vel í vinnunni.

Í hinni nýju könnun er meira spurt um stjórnun og stjórnunarhætti en áður var gert. Almenn ósvissa virtist ríkja hjá nokkuð stórum hópi starfsfólks um þennan þátt skólastarfsins. Þannig telur 63% starfsfólks að skólinn hafi skýra framtíðarsýn og skólastefnu, 48% að stefna skólans endurspeglar í starfsháttum hans, 37% að samráð sé um stefnumótun og áætlanagerð, 57% telja að grunnþættir menntunar séu sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans, 60% telja sig sátta við stefnu skólans, 60% að skólameistari sé faglegur leiðtogi, 63% bera traust til stjórnenda skólans og 38% telja að stjórnendur virki sig til samstarfs um stefnu skólans og framkvæmd hennar; 46% telja stjórnendur leggja áherslu á að skapa traust milli sín og starfsmanna; 51% telja skipurit skólans endurspegla raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.

Í flokknum „kennsla og námsframboð“ voru svör yfirleitt jákvæð. Um 93% kennara telja sig beita fjölbreyttum kennsluháttum, 91% telja kennsluhætti sína til þess fallna að koma til móts við ólka nemendur og ólík viðfangsefni í námi; 94% telja kennsluhætti sína ýta undir sjálfstæð vinnubrögð

nemenda og 90% telja að góður vinnufriður sé í kennslustundum. Um 94% telja sig gera nemendum góða grein fyrir námsmatsaðferðum og 87% telja sig nota niðurstöður námsmats markvisst til að bæta nám og kennslu. Á hinn bóginn telja aðeins 44% að nemendur með sérþarfir fái nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám, 35% að þeir nýti tækifæri til að þróa kennslu sína í samráði við aðra kennara; 35% að þeir fái reglulega endurskjöf á starf sitt frá öðrum kennurum og 39% telja sig hafa aðgang að vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum. Um 32% telja sig fá nægilegan stuðning til að sækja sér aukna þekkingu.

Þrátt fyrir tiltölulega nýlegt og bjart húsnæði og margvíslegan og góðan tækjabúnað á ýmsum sviðum virðist óánægja með eitt og annað. Aðeins 11% starfsfólks telur félagsaðstöðu nemenda í lagi, 71% meta vinnuaðstæður sínar góðar, 70% telja húsnæðið fullnægjandi fyrir kennslu í sínum áföngum og aðeins 56% telja húsnæðið heilsusamlegt.

Annað umhugsunarvert: Aðeins um 44% starfsfólks telur skólann koma gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur, 52% telja skólann styðja við félagsstarf nemenda, 24% telja að nemendafélag skólans haldi uppi öflugu félagsstarfi og 27% telja að jafnrétti og lýðræði einkenni félagsstarf nemenda.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2016-17 var í eftirfarandi liðum:

1. Umsjónarkerfi skólans
2. Lýðræði nemenda
3. Heilsuefning gegn kvíða streitu og álagi
4. Mötuneyti skólans
5. Námsþing Borgarholtsskóla
6. Einelti meðal kennara

1. Umsjónarkerfi skólans

Á skólaárinu unnu stjórnendur að því að leita lausna varðandi umsjónarkerfi skólans í samráði við kennara en ráðgjöf og stuðningur við eldri nemendur hafði dregist saman á undanförunum árum sem endurspegladist könnunum meðal nemenda. Vinnan gekk vel og frá og með hausti 2017 verður tekið upp nýtt umsjónarkerfi sem felur í sér svokallaða „sérstaka umsjón“ með annars árs nemendum sem skilgreind hefur verið og kennarar fá greitt fyrir. Jafnframt var ákveðið að skilgreina betur starf mætingarstjóra.

2. Lýðræði nemenda

Könnun meðal nemenda haustið 2015 leiddi í ljós að þeir töldu sig ekki geta haft mikil áhrif á nám sitt og málefni skólans og því þótti nauðsynlegt að bæta menningu Borgarholtsskóla að þessu leyti. Efnt var til lýðræðisfundar með nemendum þann 27. október 2016 þar sem ríflega eitthundrað tillögur að umbótum komu fram. Nemendur kusu um tillögurnar. Lýðræðisfundur verður aftur á dagskrá haustið 2017.

Í viðhorfskönnun nemenda í október 2016 voru 11,33% fleiri sammála því að þeir fengju tækifæri til að tjá viðhorf sín og taka þátt í lýðræðislegu samstarfi innan skólans.

3. Heilsuefning gegn kvíða, streitu og álagi

Fram kom í viðhorfskönnun nemenda að ríflega þriðjungur þeirra finnur fyrir kvíða, hefur áhyggjur af fjármálum sínum og/eða finnst að vinna með námi bitni á skólanum.

Stefnt var að því að efla andlegt heilbrigði, varnir gegn streitu og álagi og draga úr óhóflegri vinnu með námi m.a. með fræðslu um streitu, álag, forgangsröðun verkefna og hollan lífsstíl. Margvíslegt starf var unnið í þessu skyni. Meðal annars héldu námsráðgjafar námskeið fyrir nemendur sem glíma við þunglyndi og/eða kvíða og námsráðgjafar héldu og fræðslufyrirlestur fyrir foreldra, lögðu fyrir nýnema skimunarpróf varðandi brotthvarshættu og boðuðu þá nemendur sem voru í hættu í viðtal.

Í könnun meðal nemenda á vorönn kom þó ekki fram sýnilegur árangur í svörum við spurningum sem vörðuðu kvíða, streitu og álag. Unnið er stöðugt og á mörgum vígstöðvum að þessum málum og hafa komið efasemdir um gildi svo víðtæks markmiðs í umbótaáætlun skólans.

4. Mötuneyti skólans

Aðeins um 58% nemenda töldu matinn í mötuneyti skólans góðan. Margar skriflegar athugasemdir hafa komið fram í viðhorfskönnunum nemenda um hollustu, fjölbreytni og einkum of hátt verð í mötuneytinu sem gerir það að verkum að nemendur leita annað.

Af þessum sökum var stefnt að því bæta fjölbreytni, hollustu, gæði og verð í mötuneyti skólans og gera úttekt á þessum þáttum. Stjórnendur ræddu við þjónustuaðila sem brugðust við þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Viðhorfskönnun nemenda sl. haust leiddi í ljós litlar breytingar á viðhorfi til mötuneytisins. Aðeins 40% nemenda telja sig hafa aðgang að hollri, góðri og fjölbreyttri næringu í skólanum.

5. Námsþing Borgarholtsskóla

Aðeins 61% nemenda töldu að sér gengi vel að nýta sér námsþing skólans (Moodle) í könnun árið 2014. Markmiðið var auka fjölda þeirra nemenda sem nýta námsþingið sér til gagns með því að kanna hvað veldur þessari svörun og grípa til aðgerða í kjölfarið. Þær breytingar urðu á skólaárinu að námsumsjónarhluti Innu var tekninn í notkun samhliða Moodle og boðið upp á að velja á milli tveggja kerfa. Samhliða var dregið úr umsjón og aðstoð við námsumsjónarkerfin.

Ekki varð úr að gerð væri sérstök athugun á notkun námsþingsins (Moodle) meðal kennara og nemenda eða að unnin væri greinargerð um styrkleika námsumsjónarkerfanna og möguleika til samþættingar þeirra eins og til stóð.

Fjöldi þeirra nemenda sem segist nýta námsþingið (Moodle) til gagns hefur aukist lítillega frá árinu 2014 eða um 5%.

6. Einelti meðal kennara

Í starfsmannakönnun sem gerð var vor 2016 kom í ljós að 17% þeirra sem svöruðu töldu sig hafa orðið fyrir einelti (11% sögðust sammála og 6% nokkuð sammála). Markmiðið var að draga úr og uppræta einelti m.a. með fræðslu og því að fylgja nýlegri reglugerð Velferðarráðuneytis varðandi aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Á haustönn 2016 var fenginn sérfræðingur til að halda fyrirlestur um einelti á vinnustöðum. Í viðhorfskönnun starfsmanna í apríl 2017 fækkar (um 5%) þeim sem telja sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu annarra starfsmanna. Engu að síður er hér um 10 einstaklinga að ræða.

Viðhorf kennara til kennslustjórnar

Viðhorf kennra til kennslustjórnar eftirfarandi brauta var kannað frá 8. - 14. maí 2017: listnámsbrautar, framhaldsskólabrautar, sérnámsbrautar, bóknáms, málm- og véltæknigreina, bíliðngreina og þjónustubrauta. Alls svöruðu 54 kennarar könnuninni. Niðurstöður voru sendar viðkomandi kennslustjóra, skólameistara og aðstoðarskólameistara.